



STARFSMANNAHANDBÓK VÍKURSKÓLA



OKTÓBER 15, 2025

VÍKURSKÓLI

Mánabraut 3-5, 870 Vík

Efnisyfirlit

Um Víkurskóla	4
Menntastefna Mýrdalshrepps	4
Starfsemin	4
Móttaka nýrra starfsmanna	4
Trúnaður og siðareglur.....	5
Starfslýsingar	5
Skólastjóri.....	5
Aðstoðarskólastjóri	6
Kennari	8
Umsjónarkennari	8
Þroskaþjálfari.....	9
Iðjuþjálfari	10
Stuðningsfulltrúi.....	10
Skólaliði	10
Umsjónarmenn Dægradvalar.....	11
Ræstingar	11
Nefndir og teymi	11
Matsteymi	11
Uppeldi til ábyrgðar og ART	12
Heilsueflandi grunnskóli.....	12
Jarðvangsskóli Kötlu Geopark	12
Erasmus+ verkefni.....	12
Áheyrnarfulltrúi í fræðslunefnd	12
Skólaráð Víkurskóla.....	12
Jafnréttisnefnd	13
Eineltisteymi.....	13
Þróunarverkefni og sérstök áhersluverkefni.....	13
Læsi og lestur	13
Stærðfræði	13
Námsmat.....	13
Samkenndsla	14

Ytra og innra mat	14
Veikindaréttur og leyfi	14
Endurmenntun	14
Starfsþróunarviðtöl	15
Fundir	15
Stoðþjónusta	15
Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu	15
Nemendaverndarráð	15
Heilsugæsla	16
Samstarf við aðra skóla	16
Skjalavarsla	16
Breytingasaga	17

Um Víkurskóla

Víkurskóli, Vík í Mýrdal er grunnskóli í sveitarfélaginu Mýrdalshreppi. Skólinn tók fyrst til starfa 1. desember árið 1910. Skólinn þjónar börnum úr þorpinu í Vík og sveitunum austan og vestan Víkur. Í grunnskólanum eru 56 nemandi í 1.-10. bekk. Starfsmenn eru 19 en þó ekki allir í fullu starfi auk stundakennara sem koma inn í valgreinar. Starf í grunnskólanum hefst klukkan 08:10 alla virka daga. Skólahúsnæðið opnar klukkan 07:45. Hver kennslustund í grunnskólanum er 40 mínútur. Þegar kennslu lýkur hjá nemendum í 1-4. bekk býðst þeim dægradvöl og íþróttæfingar á vegum Ungamennafélagsins Kötlu. Skóla- og frístundastarfi lýkur klukkan 16:00 en klukkan 13:00 á föstudögum.

Menntastefna Mýrdalshrepps

Á heimasíðu Víkurskóla er menntastefna Mýrdalshrepps birt.

Starfsemin

Við Víkurskóla starfa 21 starfsmaður skólaárið 2025-2026, í mismunandi starfshlutföllum. Alls eru stöðugildi um 17.4. Þar af eru 2 stjórnendur, 10 kennarar/leiðbeinendur, sérkennari, iðjubjálfi, þroskabjálfi, námsráðgjafi og 5 aðrir starfsmenn. Auk þess hafa stundakennarar komið í valgreinar á unglingastigi. Allar helstu áætlanir og upplýsingar um Víkurskóla má finna á heimasíðu skólans www.vikurskoli.is.

Móttaka nýrra starfsmanna

Skólastjóri tekur á móti nýjum starfsmönnum og fer með þeim yfir mál sem þörf er á að skoða í upphafi.

- Gerður er ráðningarsamningur
- Undirritað trúnaðarskjal
- Leyfi fengið til öflunar upplýsinga úr sakaskrá
- Stéttarfélag – hvattir til að kynna sér vel réttindi sín
- Upplýsingar um skattkort, lífeyrissparnað og slíkt
- Kynna heimasíðuna
- Kynna starfsmannahandbók (fyrirkomulag á tilkynningum um veikindi og leyfisbeiðnir)
- Kynna skólanámskrá (samstarf við leikskóla, tónskóla og aðra skóla)
- Kynna starfsáætlun
- Fara yfir og kynna skóladagatal
- Útskýra fyrirkomulag á kaffi- og matartímum
- Stefnur og þróunarstarf kynnt – ART, Uppeldi til ábyrgðar, Jarðvangsskóli, Heilsueflandi grunnskóli, Erasmus+)
- Tölvupóstfang

➤ Skoðunarferð um skólahúsnæðið

Trúnaður og siðareglur

Starfsmönnum skólans ber lögum samkvæmt að gæta trúnaðar í starfi sínu, bæði gagnvart nemendum, foreldrum og samstarfsfólki. Trúnaðarskylda gildir áfram þó starfsmaður láti af störfum. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um nemendur, foreldra, samstarfsmenn eða önnur þau atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi sjá 32. gr. laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla nr. 72/1996. Allir starfsmenn Víkurskóla undirrita þagnarskyldu.

Starfslýsingar

Skólastjóri

- Skólastjóri er forstöðumaður skólans, stjórnar honum, ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forystu.
- Skólastjóri fer með ábyrgð og skyldu til frumkvæðis að allri áætlanagerð – bæði að því er er varðar þróun og uppbyggingu og einnig gagnvart gerð fjárhagsáætlunar í samstarfi við sveitarstjóra.
- Skólastjóri annast og undribýr mánaðarlega fundi með skólastjórum Leikskólans Mánalands og Tónskóla Mýrdalshrepps og nauðsynlega fundi með öllum starfsmönnum svo og samráðsfundi eftir þörfum.
- Skólastjóri ber ábyrgð á starfsmannahaldi – annast ráðningar almennra starfsmanna og fer jafnframt með stjórnunarvald á vinnustað í samræmi við starfsmannastefnu Mýrdalshrepps.
- Skólastjóri ber ábyrgð á innra starfi skólans, verkaskiptingu og vinnuviðmiðunum innan þeirra marka sem kjarasamningar og almennar starfsvenjur skapa. Skólastjóri tryggir að í gildi séu skýrar starfslýsingar fyrir öll störf og skilgreiningar á verkefnum starfsmanna.
- Skólastjóri ber ábyrgð á móttöku, þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna.
- Skólastjóri fer með framkvæmd fjárhagsáætlunar – hefur umsjón með innkaupum, áritar reikninga og skilar viðeigandi gögnum til skrifstofu og bókhaldsdeildar Mýrdalshrepps í samræmi við nánari reglur þar um.
- Skólastjóri hefur umsjón með og skipuleggur notkun húsnæðis skólans og hefur umsjón með viðhaldi og endurbótum húsnæðisins innan marka fjárhagsáætlunar.
- Skólastjóri sér um skil á vinnuskýrslum starfsfólks skólans sem og tímaskilum yfirvinnu.
- Skólastjóri afgreiðir umsóknir um skólavist í skólanum.
- Skólastjóri ber ábyrgð á upplýsingagjöf til foreldra, nemenda og starfsmanna m.a. með útgáfu fréttabréfs og uppfærslu á heimasíðu í samráði við aðra stjórnendur skólanna í Mýrdalshreppi.

- Að öðru leyti eru starfsskyldur skólastjóra eins og kveðið er á um í lögum, reglugerðum og skólanámsskrá.
- Skólastjóri vinnur samkvæmt því umboði sem honum er falið í lögum nr. 90/2008 og 91/2008 og þeim vinnufyrirmælum öðrum sem sveitarstjórn hefur með lögmætum hætti staðfest og komið á framfæri við aðila.
- Skólastjóri hefur umsjón með upplýsingakerfi skólans, Mentor.
- Skólastjóri situr fundi fræðslunefndar Mýrdalshrepps.
- Skólastjóri sækir fundi skólastjórnenda eftir þörfum.

Aðstoðarskólastjóri

- Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra og annast daglega verkstjórn í samvinnu við skólastjóra.
- Aðstoðarskólastjóri aðstoðar við áætlanagerð og hefur umsjón með faglegu starfi grunnskólans.
- Aðstoðarskólastjóri fundar eftir þörfum með skólastjóra og öðrum aðilum innan skólasamfélagsins.
- Aðstoðarskólastjóri sér um almenn innkaup fyrir skólann.
- Aðstoðarskólastjóri tekur þátt í gerð skólanámskrár, ársáætlunar, mati á starfsemi grunnskólans og þróunarverkefnum undir stjórn skólastjóra.
- Aðstoðarskólastjóri ber ábyrgð á að miðla upplýsingum innan skólans.
- Aðstoðarskólastjóri hefur umsjón með móttöku, þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna grunnskólans í samstarfi við skólastjóra.
- Aðstoðarskólastjóri fylgist með að grunnskólinn sé búin nauðsynlegum uppeldis- og kennslugögnum í samvinnu við skólastjóra.
- Ber ábyrgð á að unnið sé eftir skólanámskrá.
- Tryggir að sérhvert barn í grunnskólanum fái kennslu, leiðsögn, umönnun og/eða sérkennslu eftir þörfum.
- Ber ábyrgð á að meðferðaráætlunum sérfræðinga vegna einstakra barna sé framfylgt.
- Hefur eftirlit með að umsjónarkennarar skipuleggi samstarf við foreldra/forráðamenn barna s.s. dagleg samskipti og foreldraviðtöl.
- Ber ábyrgð á að foreldrar/forráðamenn fái upplýsingar um þroska og líðan barnsins og þá starfsemi er fram fer í skólanum og ekki varðar trúnað gagnvart öðrum börnum og foreldrum/forráðamönnum þeirra.
- Ber ábyrgð á að leitað sé samþykkis foreldra/forráðamanna barns, áður en leitað er aðstoðar annarra sérfræðinga.
- Sinnir þeim verkefnum er varðar uppeldi og menntun barnanna og stjórnun skólans sem skólastjóri felur honum.
- Hefur umsjón með upplýsingakerfi skólans, Mentor.

- Aðstoðskólastjóri sækir fundi skólastjórnenda eftir þörfum.

Kennari

- Vinnur við gerð skólanámskrár og annarra áætlana sem tengjast skólastarfinu.
- Hefur umsjón með og ber ábyrgð á faglegu starfi og framkvæmd kennslu í viðkomandi námsgrein.
- Sækir námskeið, ráðstefnur fræðslufundi tengda starfinu í samræmi við endurmenntunaráætlun skólans.
- Fylgist vel með líðan og námsframvindu nemenda bregst strax við ef þurfa þykir. Er í samstarfi og samvinnu við umsjónarkennara og sérkennara/stuðningsfulltrúa og veitir þeim upplýsingar um nemendur.
- Skipuleggur starf nemenda til lengri og skemmri tíma með gerð kennsluáætlana.
- Ber ábyrgð á að öll kennsla og námsmat séu skipulögð með tilliti til þarfa og getu nemenda þannig að kennslan í hópum/ bekkjum nýtist hverjum nemanda sem best.
- Vinnur að gerð einstaklingsáætlunar fyrir nemendur með náms- og hegðunarörðugleika í viðkomandi faggrein í samstarfi og samvinnu við umsjónarkennara og/eða sérkennara.
- Veitir náms- og kennsluráðgjöf til nemenda, stuðningsfulltrúa og forráðamanna ef þurfa þykir.
- Fylgist með ástundun nemenda, og heldur utan um skráningar varðandi nemendur ef þurfa þykir.
- Skráir námsmat, umsagnir og/eða einkunnir í Mentor.
- Tekur þátt í samvinnu kennara, kennarafundum, námskeiðum og stigsfundum.
- hefur umsjón með og ber ábyrgð á kennslutækjum/sérgræinastofu viðkomandi faggreinar.
- Sér um innkaup fyrir viðkomandi námsgrein í samráði við stjórnendur.
- Önnur þau verkefni sem skólastjóri felur honum

Umsjónarkennari

Sjá lýsingu kennara hér að ofan að auki:

- Stuðlar markvisst að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti.
- Tengiliður milli heimilis og skóla.
- Stuðlar að jákvæðu og góðu samstarfi milli heimilis og skóla.
- Fylgjast með andlegri og félagslegri líðan umsjónarnemenda sinna.
- Leitast við að stuðla að andlegri og félagslegri vellíðan nemenda.
- Fylgjast með námsframvindu umsjónarnemenda sinna.
- Stuðlar að metnaði og góðri námsframvindu nemenda.
- Fylgjast með ástundun umsjónarnemenda sinna.
- Hann er trúnaðarmaður umsjónarnemenda sinna.
- Ber ábyrgð á að gerð sé einstaklingsnámskrá fyrir þá umsjónarnemendur sem slíkt þurfa.
- Situr í teymi um þá umsjónarnemendur sína sem við á.

- Annast skýrslugerð, einkunnafræslur og afhendingu námsmats.

Þroskaþjálfari

Mikilvægt er að þroskaþjálfari og kennari/kennarar starfi náið saman og gæti þess að verkaskipting þjóni sem best öllum einstaklingum bekkjarins/deildarinnar.

- Vinnur við gerð skólanámskrár.
- Ber ábyrgð á og annast þroskaþjálfun og umönnun nemenda með fötlun og önnur frávik
- Ber ábyrgð á samskiptum við fjölskyldur nemenda sinna í samráði við umsjónarkennara.
- Stendur vörð um réttindi nemenda sinna og stuðlar að því að þeir njóti bestu þjónustu sem möguleg er á hverjum tíma.
- Tryggir svo sem kostur er og stuðlar að jafnrétti og jákvæðum viðhorfum til fatlaðra einstaklinga.
- Eflir og viðheldur fagþekkingu sinni með reglubundinni endur-og símenntun
- Aðstoðar við gerð einstaklingsnámskráa í samráði við umsjónarkennara, foreldra og aðra eftir því sem við á.
- Skipuleggur þjálfunaraðstæður, velur/útbýr þjálfunar- og námsgögn og fylgir eftir settum markmiðum. Metur árangur og endurskoðar markmið í samstarfi við samstarfsaðila.
- Tekur þátt í kennara og starfsmannafundum.
- Veitir foreldrum nemenda sinna ráðgjöf og leiðbeiningar.
- Annast upplýsingagjöf og upplýsingaöflun vegna sérþarfa nemenda sinna.
- Miðlar sérþekkingu til kennara, annarra starfsmanna skólans og foreldra.
- Ber, ásamt umsjónarkennurum ábyrgð á upplýsingagjöf og upplýsingaöflun vegna flutnings nemenda milli skóla.
- Ber ábyrgð á reglulegu sambandi við umsjónarkennara viðkomandi bekkja
- Ber ábyrgð á að trúnaðargögn nemenda hans séu vistuð með skipulegum hætti í persónumöppu.
- Vinnur önnur þau verkefni sem skólastjóri felur honum og eðlilegt getur talist að rúmist innan verksviðs hans.
- Þroskaþjálfari á sæti í nemendaverndarráði skólans.
- Þroskaþjálfari sér um boðun teymisfunda, ritun fundargerða á teymisfundum og frágang þeirra.
- Er í samstarfi við kennara, aðra starfsmenn skólans og foreldra.
- Er ráðgefandi aðili vegna móttöku nýrra nemenda með fötlun.
- Skipuleggur starf nemenda með sérþarfir til lengri og skemmri tíma með gerð kennsluáætlaða í samstarfi við umsjónarkennara.
- Veitir náms- og kennsluráðgjöf til nemenda, stuðningsfulltrúa og forráðamanna ef þurfa þykir.
- Tekur þátt í samvinnu kennara, kennarafundum, námskeiðum og samráðsfundum
- Hefur umsjón með og ber ábyrgð á kennslutækjum/sérgreinastofu fyrir sérkennslu og innkaup í samstarfi við skólastjóra.

Þroskaþjálfari er í samskiptum við aðrar stofnanir s.s. Greiningar- og ráðgjafarstöð, Setrið í Sunnulækjarskóla, Barna og unglingageðdeild, Félags, og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu o.fl. í samráði við stjórnendur.

Iðjuþjálfari

- Sinnir iðjuþjálfun samkvæmt stundatöflu.
- Veitir iðjuþjálfun í hóptímum og einstaklingstímum á öllum aldursstigum.
- Tekur þátt í teymisvinnu umsjónar- og fagteyma.
- Tekur þátt í að móta skipulag á þjálfunar/kennslustundum og verkaskiptingu í teymi.
- Metur færni við iðju, atferli og þátttöku í mikilvægum athöfnum auk undirliggjandi þroskaþátta eins og við á.
- Undirbýr og fylgir eftir þjálfun í samræmi við markmið í teymisáætlun/einstaklingsnámskrá.
- Stýrir vali og aðlögun á námsgögnum sem og umhverfi.
- Stýrir einstaklingsmiðaðri námsefnisgerð.
- Skipuleggur þjálfunaraðstæður, velur/útbýr þjálfunar- og námsgögn og fylgir eftir settum markmiðum.
- Metur árangur og endurskoðar markmið í samstarfi við samstarfsaðila.
- Tekur þátt í kennara og starfsmannafundum.
- Situr nemendaverndarráðsfundi þegar við á.

Stuðningsfulltrúi

- Tekur þátt í vinnu við skólanámskrá skólans.
- Sækir endurmenntun og samstarfsfundi skólans.
- Styrkir jákvæða hegðun nemenda samkvæmt vinnuaðferðum Uppeldis til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga og ART.
- Aðstoðar nemendur í leik og starfi, leiðbeinir þeim í samskiptum þeirra við aðra, nemendur og starfsfólk.
- Sér til þess að vel sé gengið um anddyri skólans.
- Veitir fyrstu hjálp ef slys og óhöpp verða.
- Hefur umsjón með nemendum í matsal, frímínútum, úti, inni á göngum og gæslu með nemendahópum ef ekki tekst að manna forföll kennara með öðrum hætti.
- Sinnir öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri felur viðkomandi.

Skólaliði

- Tekur þátt í vinnu við skólanámskrá skólans.
- Sækir endurmenntun og samstarfsfundi skólans.
- Styrkir jákvæða hegðun nemenda samkvæmt vinnuaðferðum Uppeldis til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga og ART.

- Sér um morgunhressingu og innkaup vegna hennar, skömmun á hádegismat nemenda og frágang/uppvask í matsal.
- Heldur röð og reglu í eldhúsi.
- Sér um skráningar á hitastigi í kælum og frystikistum.
- Heldur utan um skráningar á máltíðum starfsmanna.
- Veitir fyrstu hjálp ef slys og óhöpp verða.
- Sinnir öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri felur viðkomandi.

Umsjónarmenn Dægradvalar

Umsjónarmaður Dægradvalar er jafnframt stuðningsfulltrúi í bekk

- Tekur þátt í vinnu við skólanámskrá skólans.
- Sækir endurmenntun og samstarfsfundi skólans.
- Styrkir jákvæða hegðun nemenda samkvæmt vinnuaðferðum Uppeldis til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga og ART.
- Hefur umsjón með skipulagningu Dægradvalar í samstarfi við skólastjóra og aðra stuðningsfulltrúa Dægradvalar.
- Aðstoðar nemendur í leik og starfi, leiðbeinir þeim í samskiptum þeirra við aðra, nemendur og starfsfólk.
- Sér til þess að vel sé gengið um anddyri skólans og önnur sameiginleg rými.
- Veitir fyrstu hjálp ef slys og óhöpp verða.
- Hefur umsjón með nemendum í matsal, frímínútum, úti, inni á göngum og gæslu með nemendahópum ef ekki tekst að manna forföll kennara með öðrum hætti.
- Sinnir öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri felur viðkomandi.

Ræstingar

Ræsting á Víkurskóla er unnin í samræmi við verklýsingu og uppmælingu á húsinu sem framkvæmd var haustið 2019. Starfsfólk við ræstingu er bundið trúnaði í starfi sínu í Víkurskóla eins og aðrir starfsmenn skólans.

Nefndir og teymi

Innan skólans starfa mörg ráð, teymi og nefndir sem allar hafa það meginhlutverk að hlúa að starfi og vellíðan nemenda og starfsfólks. Nefndir, ráð og teymi eru:

Matsteymi

Innra mat Víkurskóla byggir á áætlun sem sett er fram á fjögurra ára fresti og endurskoðuð regluglega innan þess tíma. Matsteymi skólans sér um skipulagningu og eftirfylgd með innra mati skólans. Matsteymið endurskoðar áætlun skólans um innra mat. Í teyminu sitja Elín Einarasdóttir skólastjóri, Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri/kennari, Sif Hauksdóttir

sérkennari/ fulltrúi kennara, Berglind Másdóttir fulltrúi starfsmanna, Sigrún Jónsdóttir fulltrúi foreldra og Andri Berg Jóhannsson fulltrúi nemenda.

Uppeldi til ábyrgðar og ART

Víkurskóli hefur síðan árið 2008 unnið eftir hugmyndum Uppeldis til ábyrgðar. Unnið er að því að mennta kennara og annað starfsfólk í ART og er stefnt að því að ART þjálfun sé í öllum bekkjum skólans. Starfsmönnum Víkurskóla ber að tileinka sér þessa hugmyndafræði og nýta sér í öllu starfi eins og kostur er. UTÁ og ART teymið halda utan um starfið í skólanum og hvetja kennara og starfsfólk, koma með tillögur að sameiginlegum verkefnum. Í teyminu starfa: Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri, Puríður Lilja Valtýsdóttir kennari, Hjördís Rut Jónsdóttir kennari, Edit Ujhelyi kennari og Berglind Másdóttir stuðningsfulltrúi.

Heilsueflandi grunnskóli

Víkurskóli sótti um aðild að verkefninu heilsueflandi grunnskóli haustið 2018. Verkefnið hefur gengið vel og tekist hefur að draga grunnlínu í öllum meginþáttum verkefnisins. Í stýrihóp verkefnisins eiga sæti: Elín Einarsdóttir skólastjóri, Victoria Reinholdsdóttir kennari, Katrín Waagfjörð kennari, Sandra Örvarsdóttir stuðningsfulltrúi, Margrét Lilja Sigurgeirsdóttir skólahjúkrunarfræðingur, Sara Lind Kristinsdóttir fulltrúi foreldra og Sigurgeir Máni Jóhannsson fulltrúi nemenda. Stýrihópurinn kemur að lágmarki saman einu sinni á ári og þess á milli starfa fulltrúar skólans í verkefninu undir stjórn Victoríu Reinholdsdóttur kennara.

Jarðvangsskóli Kötlu Geopark

Vorið 2017 var undirritaður samstarfssamningur við Kötlu jarðvang og Víkurskóla um að skólinn sé GEO-UNESCO skóli. Reynt er að flétta áherslur jarðvangsins inn í skólastarfið og náttúrufræðikennslu eins og hægt er. Samstarfsverkefni Kötlu Geopark og Víkurskóla um strandmælingar á Víkurfjöru fóru af stað skólaárið 2020-2021 og stendur enn yfir. M.a. hefur þróast valgrein á unglíngastigi út frá verkefninu.

Erasmus+ verkefni

Víkurskóli hefur um áráð tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi í gegnum menntaáætlun ESB, Erasmus+. Verkefnið sem unnið er nú að stendur til ársins 2026. Stýrihóp verkefnisins skipa Victoria Reinholdsdóttir verkefnastjóri Erasmus+, Adam Szymielewicz kennari og Elín Einarsdóttir skólastjóri.

Áheyrnarfulltrúi í fræðslunefnd

Puríður Lilja Valtýsdóttir kennari er áheyrnarfulltrúi í Fjölskyldu,-frístunda- og menningarráði, til vara Victoria Reinholdsdóttir.

Skólaráð Víkurskóla

Samkvæmt lögum um grunnskóla skal starfa skólaráð við grunnskóla, hlutverk þess er að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Í skólaráði eiga sæti auk skólastjóra, fulltrúar kennara, almennra starfsmanna, foreldra, nemenda og fulltrúi

grenndarsamfélags. Fulltrúar kennara eru Sif Hauksdóttir og Salóme Svandís Þórhildardóttir, fulltrúi starfsmanna Berglind Másdóttir, fulltrúar foreldra Bergný Ösp Sigurðardóttir og Sveinn Sigurðsson, fulltrúar nemenda Sigurgeir Máni Jóhannsson og Andri Berg Jóhannsson, fulltrúi grenndarsamfélagsins er NN.

Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd hefur með höndum að gera og endurskoða jafnréttisáætlun skólans sem og kynna starfsmönnum hana.

Í jafnréttisnefnd sitja Áslaug Einarsdóttir, Sæmunda Ósk Fjeldsted, og Adam Szymielewicz.

Eineltisteymi

Unnið er eftir eineltisáætlun sem birt er í skólanámskrá. Ef grunur vaknar um einelti ber að tilkynna það til stjórnenda skriflega. Ferlið í framhaldinu eru lýst í eineltisáætlun skólans.

Mögulega eru fleiri aðilar kallaðir til fleiri aðila til þess að vinna að úrlausn þeirra mála sem koma upp. Starfsmönnum skólans ber að þekkja eineltisáætlun skólans, vinna eftir henni og kynna hana foreldrum og öðrum ef þurfa þykir.

Í eineltisteymi sitja stjórnendur og aðrir sem til eru kallaðir hverju sinni. Sveitarfélagið Mýrdalshreppur er að vinna eineltisáætlun fyrir alla starfsmenn sveitarfélagsins.

Þróunarverkefni og sérstök áhersluverkefni

Í Víkurskóla er stöðugt unnið að sérstökum áhersluverkefnum.

Læsi og lestur

Sveitarfélagið er aðili að þjóðarsáttmála um læsi og unnið hefur verið markvisst að því að bæta færni nemenda á þessu undirstöðu sviði menntunar. Hver umsjónakennari hefur umsjón með lestrarkennslu hjá sínum hópi. Í því felst að leggja fyrir lesfimi próf, sjá um að lesskilningspróf séu lögð fyrir og leggja línur í lestrarþjálfun. Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir er tengiliður við umsjónarkennara og er þeim til aðstoðar og ráðgjafar.

Stærðfræði

Stærðfræðikennarar skólans mynda teymi og hittast haust og vor og setja áherslur í stærðfræðináminu og meta framvindu greinarinnar innan skólans. Jafnframt skipuleggur teymið 2-3 á önn opna tíma í stærðfræði sem geta verið sameiginlegir þvert á bekk. Victoría Reinholdsdóttir er teymisstjóri.

Námsmat

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 ber grunnskólum að útskrifa nemendur úr 10. bekk samkvæmt nýju námsmati og með einkunnum í bókstöfum. Námsmatskaflí Skólanámskrár Víkurskóla er í endurskoðun.

Samkenndsla

Víkurskóli er samkenndslu skóli þar sem að öllu jöfnu er kennt saman tveimur árgöngum í senn. Stöðugt er unnið að því að þróa samkenndslu við skólann til hagsbóta fyrir nemendur.

Ytra og innra mat

Skólinn fór í ytra mat á vegum Menntamálaráðuneytisins á vorönn 2021, niðurstöður aðgengilegar heimasíðu skólans. Innra mat skólans fer m.a. fram í gegnum Skólapúlsinn og unnið er með niðurstöður og lagt á ráðin með úrbætur. Jafnframt í gegnum teymi skólans, kennarafundi og starfsmannafundi. Sjá nánar í áætlun um innra mat Víkurskóla og sjálfsmatsskýrslu sem birt er á heimasíðu skólans.

Veikindaréttur og leyfi

Starfsmenn eiga veikindarétt eins og lög og reglugerðir kveða á um og fer fjöldi veikindadaga eftir starfsárum viðkomandi starfsmanns. Veikindaréttur vegna barna eru 12 dagar og gildir fyrir börn undir 13 ára aldri. Ef starfsmaður er veikur þarf hann að hringja inn veikindi sín eins fljótt og kostur er. Ef um lengri veikindi er að ræða ber starfsmanni að framvísa læknisvottorði. Hvað veikindi í sumarleyfi varðar þarf að tilkynna þau strax til yfirmanns og nægir þá tölvupóstur. Ef starfsmaður getur ekki notið sumarleyfis vegna veikinda þarf læknir að votta það. Mikilvægt er fyrir hvern starfsmann að þekkja sinn rétt og gott að leita til trúnaðarmanna í þeim efnum.

Sumarleyfi starfsmanna er eins og kveðið er á um kjarasamningum.

Hvað skammtímaleyfi varðar, þarf alltaf að sækja um þau skriflega, hjá skólastjóra með góðum fyrirvara. Skólastjóri metur hvort unnt er að verða við skammtímaleyfum innan skólaársins.

Á heimasíðu sveitarfélagsins er að finna Viðverustefnu Mýrdalshrepps sem nær til allra starfsmanna hjá sveitarfélaginu

https://www.vik.is/static/files/Reglur_og_samthykkir/vidverustefna-.pdf

Endurmenntun

Kennarar hafa skilgreindan tíma í kjarasamningi til endurmenntunar. Þeir halda utan um endurmenntun sína og skila skýrslu árlega að vori um endurmenntun yfir skólaárið.

Endurmenntunartímar eru 102. Endurmenntun kennara á að fara fram utan vinnutíma kennarans til að teljast til endurmenntunar. Því þarf að semja sérstaklega um við stjórnendur ef kennarar þurfa að taka leyfi úr kennslustund til að sinna endurmenntun. Öðrum starfsmönnum gefst kostur á að endurmennta sig og halda einnig sjálfir utan um þær upplýsingar og skila til skólastjóra. Ef óskað er eftir þátttöku vinnustaðar í kostnaði þarf til þess fyrirfram samþykki yfirmanns. Alltaf þarf að hafa samráð við yfirmann um endurmenntun ef hún skarast á við vinnutíma. Mikilvægt er að koma öllum pappírur til yfirmanns varðandi nám sem lokið er og gæti gefið réttindi til hækkunar launa. Sjá nánar í starfsþróunaráætlun sem birt er á heimasíðu skólans.

Starfsþróunarviðtöl

Tvisvar sinnum á ári eru starfsmenn boðaðir í starfsmannasamtöl. Að hausti þurfa kennarar að klára vinnskýrslur í samtali og samráði við skólastjóra. Aðrir starfsmenn fá stundatöflur sínar og verklýsingar í upphafi skólaárs. Í febrúar/mars ár hver eru allir starfsmenn boðaðir í viðtal með skólastjóra þar sem starfið er metið og horft fram á veginn til næsta skólaárs.

Fundir

Starfsmannafundir eru að jafnaði fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði klukkan 16. Kennarafundir eru á þriðjudögum klukkan 15 að jafnaði aðra hvora viku. Stigs-, og eða teymisfundir eru haldnir aðra hverja viku, á miðvikudögum. Bundið samráð er til klukkan 16 á þriðjudögum og til klukkan 17 á miðvikudögum óháð því hvort fundir eru boðaðir eða ekki.

Stoðþjónusta

Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Skólaþjónustan er hluti af *Byggðasamlagi um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu* sem er samstarfsverkefni sveitarfélagana fimm *Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps*. Byggðasamlagið skiptist í tvær deildir, félags- og skólaþjónustudeild, sú fyrri með aðsetur á Hellu og hin með aðsetur á Hvolsvelli.

Netfang skólaþjónustunnar er skolamal@skolamal.is og heimasíða www.skolamal.is. Á heimasíðunni er m.a. að finna eyðublöð og gátlista sem notaðir eru þegar málum er vísað til skólaþjónustunnar.

Skólaþjónustan starfar eftir reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla frá 2010 og stofnsamningi byggðasamlagsins.

Við skólaþjónustuna starfa nú fjórir starfsmenn, forstöðumaður/kennsluráðgjafi grunnskóla, leikskólaráðgjafi, náms- og starfsráðgjafi og ritari. Þjónusta skólasálfræðings er keypt í verktöku. Talmeinafræðingur starfar hjá Skólaþjónustunni en jafnframt er samningur við Tröppu ehf um að veita fjarþjónustu í talmeinafræðum.

Starfsmenn skólaþjónustunnar eru til húsa í skrifstofuhúsnæði Rangárþings ytra við Suðurlandsveg.

Hvernig málum er vísað til sérfræðiþjónustunnar er vísað í heimasíðu, skolamal.is. Þar liggja einnig frammi bæklingar sem lýsa verklagi og verksviði hvers sérfræðings fyrir sig.

Starfsmenn Skólaþjónustunnar hafa fasta viðveru í Víkurskóla annan fimmtudag í hverjum mánuði.

Nemendaverndarráð

Í nemendaverndarráði sitja skólastjóri, þroskaþjálfari, sérkennari, námsráðgjafi, starfsmaður Skólaþjónustunnar, skólahjúkrunarfræðingur og aðili frá Félagsþjónustunni Rangárvalla- og Vestur-Skaft. Á borð nemendaverndarráðs koma ýmis málefni sem varða nemendur og velferð þeirra. Kennarar geta vísað málum þangað en alltaf þarf að upplýsa foreldra um slíkt ef mál er tekið fyrir undir nafni nemanda, nema aðstæður leyfi það ekki.

Heilsugæsla

Hjúkrunarfræðingur frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands sinnir skólahjúkrun við Víkurskóla.

Samstarf við aðra skóla

Víkurskóli vinnur með Leikskólanum Mánalandi og Tónskóla Mýrdælinga við ýmis tækifæri. Reynt er að brúa bil leik- og grunnskólastigs t.a.m. með „skólatímum“ og/eða vorskóla. Nemendur í tónlistarnámi fá leyfi úr kennslustundum til að sækja tónlistartíma. Þá spila nemendur Tónskólans gjarnan á viðburðum skólans. Samstarfsáætlun er í gildi milli grunn- og leikskóla. Skólinn á einnig í samstarfi við Fjölbautarskóla Suðurlands ef nemendur á unglingastigi hafa lokið grunnskólanámi í ákveðnum greinum. Mjög gott samstarf er á milli skólanna í Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu og sækja elstu nemendur viðburði svo sem haustball og árshátíðarball með skólunum sameiginlega. Þá halda skólarnir á svæðinu héraðskeppni Stóru-upplestrarkeppninnar til skiptis.

Skjalavarsla

Lögum samkvæmt þarf skólinn að sinna skjalavörslu. Starfsmenn þurfa að geyma tölvupósta frá foreldrum er varða nemendur og koma þeim í möppur viðkomandi nemenda í Skjalaskáp inni í stjórnunarrými. Einnig þarf að halda utan um einkunnaspjöld og vista undirrituð spjöld í þessum sömu möppum. Ári eftir að nemendur ljúka grunnskólagöngu í Víkurskóla flytjast gögn þeirra til vistunar á Héraðsskjalasafnið í Skógum.

Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn af:
	3/05 2020	Fyrstu drög unnin skólaárið 2019-2020	EE/KÓG
	15/06/2020	Starfsmannahandbók - drög	EE
	18/08/2020	Starfsmannahandbók –drög kynnt stargsmönnum	EE
1.0	2/09/2020	Starfsmannahandbók	EE
2.0	1/09 2021	Starfsmannahandbók	KÓG/EE
3.0	10/10 2022	Starfsmannahandbók	KÓG/EE
4.0	27/11 2024	Starfsmannahandbók uppfærsla	KÓG/EE
5.0	15/10 2025	Starfsmannahandbók uppfærsla	EE